

Hinir stefndu, Pjetur Guðmundsson, Guðmundur Guðmundsson og Böðvar Þorláksson, greiði áfrýjanda, Jóni Benediktssyni, in solidum 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Friðjudaginn 20. des. 1921.

Nr. 28/1921.

Hreppsnefnd Gerðahrepps

(Guðm. Ólafsson)

gegn

Lárusi Fjeldsted

(sjálfur).

Vixilmál. Ómerkingardómur.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 24. jan. 1921: Hinir stefndu, Guðmundur Björnsson, Einar Magnússon, Eiríkur Torfason, Halldór Þorsteinsson og Magnús sýslumaður Jónsson f. h. Gullbringusýslu eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, L. Fjeldsteds, í þessu máli, en hann að greiða þeim 100 krónur í málskostnað.

Stefndur sjera Friðrik J. Rafnar f. h. Gerðahrepps greiði stefnandanum 11000 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 7. mars f. á. til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ af upphæðinni í þóknun og 555 krónur í afsagnar- og málskostnað.

Hið ídæmda greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að það er ljóst af skjölum, sem lögð hafa verið fram samkv. novaleyfi, dags. 12. f. m., að maður sá, er stefnt var í hjeraði f. h. Gerðahrepps, hafði, þá er hjeræðsstefnan var birt honum 1. okt. f. á., eigi að eins lagt niður oddvitastörf heldur og vikið úr hreppsnefndinni fyrir rúmum 15 mánuðum,

og eigi verður sjeð, að honum hafi á annan hátt verið falið að koma fram fyrir hönd hreppsnefndarinnar, þá verður ex officio að ómerkja dóminn og meðferð málsins, sem skotið hefir verið hingað af hendi hreppsnefndarinnar, samkv. uppreistarleyfi, dags. 27. okt. þ. á., að því er kemur til áfrýjandans, hreppsnefndarinnar í Gerðahreppi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn og öll meðferð málsins í hjeraði á, að því leyti er áfrýjandann, hreppsnefndina í Gerðahreppi snertir, ómerk að vera.

Stefndi, Lárus Fjeldsted málaflutningsmaður, greiði áfrýjanda 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 1. og 12. október f. á. af L. Fjeldsted hrm. hjer í bænum gegn sjera Friðriki J. Rafnar á Útskálum f. h. Gerðahrepps, Guðmundi Björnssyni í Gerðum, Einari Magnússyni s. st., Eiríki Torfasyni, Bakkakoti, Halldóri Þorsteinssyni í Vörum og Magnúsi Jónssyni, sýslumanni í Hafnarfirði f. h. Gullbringusýslu og hefir stefnandi krafist þess, að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sjer upphæð 11000 króna víxils, útgefins af stefndum Guðmundi 7. nóvember 1919 og samþykkt af stefndum sjera Friðriki f. h. Gerðahrepps til greiðslu í Íslandsbanka hjer í bænum 7. mars f. á. en afsagðs sökum greiðslufalls 10. s. m. og eru hinir aðrir stefndir ábekingar á víxli þessum. Auk víxilupphæðarinnar hefir stefnandi krafist dóms yfir stefndum sömuleiðis in solidum fyrir 6% ársvöxtum af henni frá gjalddaga víxilsins til greiðslu-

dags, $\frac{1}{3}\%$ af henni í þókuun og afsagnarkostnaði og málskostnaði að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi 555 krónum.

Hinir stefndu Guðmundur Björnsson, Einar Magnússon, Eiríkur Torfason, Halldór Þorsteinsson og Magnús Jónsson hafa krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og kr. 544,79 málskostnaðar hjá honum, með skirskotum til þess, að krafan á hendur þeim væri fyrnd eftir 78. gr. víxillaga fyrir Ísland frá 13. janúar 1882.

Þessi varnarástæða þeirra er á rökum byggð og verður því að taka sýknunarkröfu þeirra til greina, að dæma þeim málskostnað hjá stefnanda en gegn mótmælum hans verður málskostnaðarupphæðin ekki ákveðin hærri en 100 krónur.

Af hálfu stefnds sjera Friðriks J. Rafnar f. h. Gerðahrepps, sem hefir látið mæta í málinu, hafa hinsvegar engar mótbárur komið fram gegn framangreindum kröfum stefnanda á hendur honum og verður því að taka þær til greina að öllu leyti.
